

P I N G G E R Ð

4. PINGS

KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS

#### 4. PING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Pjórða ársþing Körfuknattleikssambands Íslands var haldið sunnudaginn 1. nóvember 1964 í félagsheimili K.R., við Kaplaskjóls-veg.

Petta gerðist:

##### Pingsetning.

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, setti pingið kl. 10,20 með stuttri ræðu. Bað hann fulltrúa velkomna og þá sérstaklega forseta ÍSÍ, Gísla Halldórsson og framkvæmdastjóra ÍSÍ, Hermann Guðmundsson. Pakkaði hann ÍSÍ og þá sérstaklega Hermanni Guðmunds-syni fyrir gott samstarf og gerði síðan uppástungu um, að Hermann Guðmundsson yrði pingforseti og var það samþykkt. Hermann Guðmundsson pakkaði sínt traust og tók síðan við störfum pingforseta.

##### Kosnir starfsmenn bingsins.

Pingritrarar voru kjörnir þeir Magnús Björnsson og Gunnar Petersen.

##### Kosnar fastar nefndir bingsins.

Kjörbréfanefnd:

Magnús Björnsson  
Kristbjörn Albertsson  
Þorsteinn Hallgrímsson

Fjárhagsnefnd:

Práinn Scheving  
Helgi Ágústsson  
Gunnar Höskuldsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Halldór Sigurðsson  
Jón Otti Ólafsson  
Þorsteinn Ólafsson

##### Kjörbréf.

Pegar hér var komið var gert stutt fundarhlé, á meðan kjörbréfanefnd settist á rökstóla, en að nefndarstörfum loknum tók til máls Magnús Björnsson, sem hafði framsögu fyrir nefndina.

Skýrði Magnús svo frá, að á þessu þingi ættu rétt til setu milli 35 - 40 fulltrúar frá 13 aðilum, heimtur hefðu aldrei verið jafn slæmar. Kjörbréf hefðu aðeins borizt frá þrem aðilum og væru fulltrúar 12. Kjörbréf þeirra væru í lagi og legði kjörbréfanefnd til að þau væru samþykkt, sem var gert samhljóða. Að lokum bauð hann fulltrúa velkomna til þingsins og þá sérstaklega fulltrúa Héraðssambands Vestur-Ísfirðinga.

#### Ávarp forseta ÍSÍ, Gísla Halldórssonar.

Forseti ÍSÍ hóf mál sitt á því að fára KKÍ beztu árnaðar-óskir og kveðjur og þakkaði góða samvinnu á undanförnum árum. Taldi hann ánægjulegt að sjá mikla framför í körfuknattleiksmálum undir stjórn KKÍ og að körfuknattleikur hefur náð langt, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. Taldi hann bjartara framundan, þar sem stefnt væri að því að byggja stærri fimleikasali við alla skóla í framtíðinni og vonaðist hann til að það yrði til þess að örfa enn frekar áhuga fyrir körfuknattleik í landinu. Þá sagðist hann vona að samvinna við KKÍ yrði eins góð í framtíðinni og hingað til, sagði framkvæmdastjórn ÍSÍ vinna að því að létta á störfum stjórnna sérsambanda, meðal annars með því að fjölrita og sjá um dreifingu á ýmsu er til féllei fyrir sérsamböndin. Forseti skýrði ennfremur frá því að ÍSÍ hefði komið á fót fræðslu- og útgáfuráði, er aðstoða skyldu sérsambönd á þyðingum og útgáfum ýmissa bæklinga. Þá sagði forseti að í athugun væri að reisa efingamiðstöð eða búðir og yrðu sérsamböndin að standa einhuga með ÍSÍ, svo að úr því mætti verða. Að lokum sagðist forseti vona að þingið mætti ganga að óskum og að KKÍ mætti blómgast og blessast, körfuknattleiksíþróttinni til framgangs, um land allt.

#### Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, flutti skýrslu stjórnarinnar, eftir að hafa þakkað forseta ÍSÍ hans hlýju og góðu orð til handa KKÍ. Skýrslu stjórnarinnar var útbýtt á þinginu, fjölrítadri, og vísað til hennar.

Formaður endaði skýrsluna með að segja, að æskilegt hefði verið ef stjórnin hefði getað látið meira eftir sig liggja, þakkaði góðan styrk og stuðning frá ÍSÍ, taldi að íþróttahreyfingin í heild verði að hefja áróður fyrir máli íþróttahallarinnar, vegna alls

pess seinagangs, sem þar gætti. Húsnæðisskorturinn væri mikill, t.d. yrði landsliðið að fara tvívar í viku 100 km. leið til æfinga, en þrátt fyrir þessa erfiðleika hefðu orðið gífurlegar framfarir. Þá ræddi hann um þjálfaraskortinn og erfiðleikana á að fá kennara fyrir utanþærliðin. Formaður skýrði frá því að á 100. fundi stjórnar KKÍ hefði verið rætt um nauðsyn þess að KKÍ kæmi upp æfingamáðstöð. Sagði hann að körfuknattleikur ætti í völk að verjast, vegna áróðurs ýmissra manna. Taldi hann að hin góða frammistaða íslenzkra körfuknattleiksliða erlendis hafa vakið mikla athygli, og þakkaði að lokum meðstjórnendum sínum fyrir gott og gafuríkt samstarf á síðastliðnu ári.

#### Skýrsla gjaldkera.

Gjaldkeri, Ingi Þór Stefánsson, var forfallaður og tók formaður að sér að skýra reikninga sambandsins, sem ekki hafa komist til endurskoðunar, og þar sem ekki var hægt að bera reikningana upp til samþykktar, lagði formaður til að þeim yrði vísað til fjárhagsnefndar, sem endurskoðaði þá, að svo miklu leiti sem það væri hægt og þingið samþykkti þá síðan með fyrirvara. Þá ræddi formaður lítilega og skýrði fjárhagsáætlun þá, er gerð var fyrir næsta ár og var henni síðan vísað til fjárhagsnefndar.

#### Tillögur.

Fram voru bornar tillögur, sem öllum var vísað til nefnda og verður vikið að síðar í fundargerðinni.

Síðan var gefið þinghlé.

Þing var sett að nýju kl. 14,00 og lá þá fyrir:

#### Nefndaálit.

Til þingnefnda hafði verið vísað ýmsum málum og tillögum og voru nefndir starfandi í þinghléi og síðan skiliðu þær áliti.

Helgi Ágústsson hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd, og lagði nefndin til að fjárhagsáætlunin fyrir næsta ár yrði samþykkt óbreytt. Um reikninga sambandsins lagði nefndin til að þeir yrðu samþykktir með fyrirvara, þannig að ef endurskoðendur gerðu athugasemdir við reikningana þá yrði reikningum sambandsins vísað til Sambandsráðs í sí. Þingið samþykkti tillögur nefndarinnar og vísast til fjöldritaðra reikninga sambandsins og fjárhagsáætlunarinnar.

Halldór Sigurðsson hafði framsögu fyrir laga- og leikreglna-nefnd, en til hennar hafði verið vísað tveim tillögum.

1. tillaga KKÍ um deildarskiptingu á meistaraflokki karla á Íslandsmeistaramótum. Nefndin lagði til að tillagan yrði breytt lítilsháttar og var samþykkt af binginu svohljóðandi:

Reglugerð um körfuknattleiksmót.

13. gr.

Deildarskipting skal vera á Íslandsmeistaramóti karla og kvenna í meistaraflokki innanhúss. Þannig að 5 félög eiga rétt á keppni í I. deild, meðan félagsfjöldinn fer ekki fram úr 11, en séu þátttökufélögin fleiri, þá taki 6 þeirra þátt í I. deild, en næstu 7 í II. deild. Fjölgji félögum enn, keppa 6 efstu í I. deild, 6 næstu í II. deild og afgangurinn (allt að 7 félög) í III. deild, og þannig koll af kolli. Sá aðili er fæst stig hlítur í hverri deild, fellur niður um eina deild. Taki einn deildaraðilinn ekki þátt í keppninni, fellur hann sjálfkrafa niður um deild.

2. tillaga, sem nefndin lagði til að yrði óbreytt og var samþykkt af binginu svohljóðandi:

Ársþing KKÍ felur næstu stjórn KKÍ að koma á bikarkeppni í körfuknattleik á næsta starfsári. Keppnin skal vera útsláttarkeppni og skal miðað að því, að hún nái til sem flestra körfuknattleiks-félaga á landinu. Að öðru leiti skal stjórn KKÍ falið að sjá um samning reglugerðar fyrir keppnina og framkvæmd hennar.

Eftir að þessi tillaga hafði verið samþykkt tók fráfarandi formaður KKÍ til mál og taldi ástæðuna fyrir þessari tillögu vera, að fá utanþærlið til keppni. Margt pyrfti að taka til greina, t.d. hvort svæðin yrðu fá en stór eða mörg og lítil, sagði að leitað yrði álits og samstarfs við félögin úti á landi, sagði að bikarkeppnir gætu oft verið spennandi og vonaðist til að sem flest félög myndu taka þátt í slíkri keppni, sem yrði til að auka samvinnu og áhuga fyrir körfuknattleiksþróttinni úti um landsbyggðina.

Lögð var fram stjórnartillaga og hún samþykkt af binginu svohljóðandi:

Gjald fyrir leyfisbréf verði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. kr. 50.00 fyrir meistaraflokk og kr. 25.00 fyrir I. og II. flokk, er taka þátt í Íslandsmeistaramóti í körfuknattleik.

Að lokum bar Þorsteinn Ólafsson fram tillögu fyrir hönd Körfuknattleiksdómarafélags Íslands, og var hún samþykkt af þinginu svohljóðandi:

"Ársþing KKÍ 1964 samþykki að beina þeim tilmelum til laganefndar KKÍ, að hún athugi hvort hægt sé að breyta lögum KKÍ í þá átt, að KKDI geti átt fulltrúa með atkvæðisrétt á ársþingi KKÍ".

#### Kosning í Körfuknattleiksdómstól.

Kosinn sem aðalmaður var Guðjón Magnússon og sem varamaður Kristinn Stefánsson, og er því Körfuknattleiksdómstóll skipaður þannig:

##### Aðalmenn.

Guðjón Magnússon	til 3 ára
Helgi Sigurðsson	til 2 ára
Pórir Guðmundsson	til 1 árs

##### Varamenn.

Kristinn Stefánsson	til 3 ára
Ingí Gunnarsson	til 2 ára
Þorsteinn Hallgrímss.	til 1 árs

#### Kosning stjórnar KKÍ.

Fráfarandi formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, var einróma endurkjörinn formaður sambandsins.

Sex menn í aðalstjórn voru kjörnir: Magnús Björnsson, Gunnar Petersen, Halldór Sigurðsson, Þráinn Scheving, Gunnar Hansson og Helgi Ágústsson.

Varamenn voru kjörnir: Jóhannes Sigmundsson, Ingí Gunnarsson og Einar Ólafsson.

Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir: Pórir Guðmundsson og Helgi Sigurðsson og til vara Helgi V. Jónsson.

#### Kosning fulltrúa á íþróttabing ísl.

Samþykkt að fela stjórn KKÍ að velja fulltrúa á íþróttabing ef til kemur.

Samþykkt að fela þingforseta og þingritara að ganga frá þinggerð.

Hinn nýkjörni formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, kvaddi sér hljóðs, þakkaði það traust sem sér væri sýnt, er hann nú, enn á ný, væri endurkjörinn formaður KKÍ. Pakkaði hann fráfarandi stjórn vel unnin störf og bauð nýju stjórnina velkomna til starfs og kvaðst vona að samstarfið mætti alltaf vera sem bezt. Kvartaði hann undan undirtektarleysi utanbæjarliða, sagði að verst væri að fá ekkert svar, því þá vissi stjórnin ekki hvort hún væri að gera rétt eða rangt. Betra væri að fá skammarbréf en ekkert. Fullvissaði að hin nýkjörna stjórn mundi reyna að gera sitt bezta. Pakkaði hann pingfulltrúum pingsetu og að lokum þakkaði hann pingforseta fyrir skörulega stjórn pingsins.

Næstur tók til máls Magnús Björnsson. Sagðist hann vilja þakka Boga Þorsteinsyni fyrir hans ómetanlega starf í þágu körfuknattleiksíþróttarinnar og góða stjórn KKÍ, en þar bæri hann hita og þunga allra mála, og bar fram þá ósk að lokum, að körfuknattleiksíþróttin mætti njóta forystu Boga Þorsteinssonar um ókomna framtíð.

Að lokum tók til máls pingforseti, Hermann Guðmundsson. Þakkaði hann pingfulltrúum pingsetu, þakkaði formanni KKÍ hans hlýju orð til sín og ÍSÍ. Kvaðst hann vilja taka undir orð Magnúsar, óskaði hinni nýkjörnu stjórn alls góðs með von um áframhaldandi gott samstarf og bað síðan pingfulltrúa að rísa úr sætum og hilla KKÍ með ferföldu húrrahrópi.

Sleit forseti síðan pinginu kl. 15,30.

Gunnar Petersen  
Magnús Björnsson  
Hermann Guðmundsson

8

R

f

P

K<sub>2</sub>

C<sup>3</sup>

s

K<sub>1</sub>